

ásamt meðdómendum Haraldi Þórðarsyni bifreiðasmíðameistara og Jan Jansen bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Indriðason, greiði stefnanda, Kristjáni Jónssyni, kr. 53.704 með 9% ársvöxtum frá 20. maí 1973 til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 26.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1976.

Nr. 132/1974. Aðalsteinn Gíslason og

Ingiríður Leifsdóttir

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurðsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skattamál. Gagnkvæm ábyrgð hjóna á sköttum. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 10. júlí 1974. Krefjast þeir þess aðallega, að hrundið verði lögtaksgerð 25. júní 1974. Til vara er þess krafist, „að lögtakið gagnvart Ingiríði Leifsdóttur verði aðeins leyft fyrir kr. 359.141 að frádregnu kirkjugarðsgjaldi kr. 1.173, kirkjugjaldi kr. 1.000 og viðlagagjaldi kr. 5.800“. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

I.

Áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að hin áfrýjaða lögtaksgerð sé haldin þeim göllum, að varða eigi ómerkingu hennar.

II.

Áfrýjendur gengu í hjúskap 31. desember 1962. Fjárfélagi þeirra var að beiðni hjónanna slitið með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 27. apríl 1971. Eigi er um það deilt, að eign sú sem lögtak var gert í, hafi verið séreign áfrýjandans Ingiríðar.

Lögtakskrafa stefnda er ógoldin opinber gjöld áfrýjenda, álögð á árunum 1972 og 1973. Gjöld þessi voru lögð á hvorn áfrýjenda um sig á árinu 1972, en á áfrýjandann Aðalstein einan 1973, og var þá miðað við sameiginlegar tekjur þeirra. Áfrýjendur voru samvistum á þeim tíma, sem hér er um fjallað.

Gjöld þau, sem lögð voru á Aðalstein Gíslason árið 1972 og 1973, ásamt hækkunum nema eftirgreindum fjárhæðum samkvæmt skýrslu stefnda, sem eigi hefur verið andmælt:

A. Gjöld lögð á 1972 ásamt hækkunum 1973:

Tekjuskattur	kr. 100.387
Sóknargjald	— 400
Kirkjugarðsgjald	— 822
Útsvar	— 41.100 kr. 142.709

B. Gjöld lögð á 1973 ásamt hækkunum 1974:

Tekjuskattur	kr. 220.430
Sóknargjald	— 1.000
Kirkjugarðsgjald	— 2.171
Útsvar	— 94.400
Viðlagagjald	— 10.100 kr. 328.101

Alls kr. 470.810

Í þessu yfirliti eru eigi gjöld, sem lögð voru á Ingiríði árið 1972. Þau námu 35.302 krónum og eru að fullu goldin.

Samkvæmt reikningsgerð stefnda hafa áfrýjendur greitt

138.053 krónur af framangreindum 470.810 krónum. Nema eftirstöðvarnar 332.757 krónum að viðbættum dráttarvöxtum til 31. desember 1974, 26.384 krónum, eða alls 359.141 krónu. Samkvæmt framangreindri reikningsgerð stefnda hafa greiðslur áfrýjenda verið látnar ganga til greiðslu á gjöldum álöögðum 1972. Í reikningsgerðinni er talið, að eftir hafi staðið af þeim „kr. 4.656.00 auk dráttarvaxta“, þegar lögtakið var gert 25. júní 1974. Framangreindar greiðslur áfrýjenda hafa gengið upp í greiðslur einstakra gjalda hlutfallslega, og lækka eftirstöðvar hvers einstaks gjalds í samræmi við það.

Af hálfu áfrýjenda hafa eigi komið fram sérstök andmæli gegn álagningu og fjárhæð gjalda þeirra, sem leitað er lögtaks fyrir í máli þessu. Hins vegar bera áfrýjendur brögður á, að heimilt hafi verið að gera lögtak í séreign áfrýjandans Ingiríðar til tryggingar þessum gjöldum.

III.

Svo sem að framan greinir, hefur áfrýjandinn Ingiríður goldið gjöld þau, sem á hana voru lögð sérstaklega árið 1972, en stefndi telur hana bera ábyrgð á ógoldnum gjöldum eiginmanns hennar, áfrýjandans Aðalsteins, frá árinu 1972 svo og þeim gjöldum, sem sameiginlega voru lögð á þau hjón 1973. Sé lögtak réttilega gert í séreign hennar.

1. Um samábyrgð hjóna á greiðslu tekjuskatts og útsvars eru ákvæði í 3. gr. laga nr. 68/1971 og 32. gr. laga nr. 8/1972. Ber að skýra lagaákvæði þessi svo, að áfrýjandinn Ingiríður ábyrgist meðal annars með séreign sinni tekjuskatt þann og útsvar, er lögð voru á eiginmann hennar. Var því heimilt að gera lögtak í séreign áfrýjandans Ingiríðar til tryggingar gjöldum þessum svo og til heimtu dráttarvaxta, sbr. 46. gr. laga nr. 68/1971 og 44. gr. laga nr. 8/1972. Verður aðalkrafa áfrýjenda því eigi tekin til greina.

2. Viðlagagjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 4/1973. Segir svo um gjald þetta í 4. tl. 8. gr. laganna: „Á gjaldárinu 1973 skal leggja 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur, sbr. 23. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu

þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um útsvör . . .“.
Er ákvæði þetta endurtekið um það, sem hér skiptir máli, í
4. gr. reglugerðar nr. 63/1973. Rétt þykir að skýra ákvæði
4. tl. 8. gr. laga nr. 4/1973 svo, að í því felist heimild til að
beita reglum um útsvör varðandi ábyrgð hjóna á viðlaga-
gjaldi. Var því heimilt að gera lögtak í séreign áfrýjandans
Ingiríðar til tryggingar gjaldi þessu, lögðu á áfrýjandann
Aðalstein á árinu 1973.

3. Kirkjugarðsgjald það, sem greinir í máli þessu, er á
lagt samkvæmt 26. gr. laga nr. 21/1963. Í 3. mgr. 26. gr. er
heimilað að leggja á gjald vegna kirkjugarða „1½% árlega
af útsvörum og aðstöðugjöldum á því svæði, er rátt á til
kirkjugarðsins“. Þá segir í 6. mgr. 26. gr.: „Eindagi kirkju-
garðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum“.

Í ákvæðum 26. gr. laga nr. 21/1963 er eigi skýrlega vitnað
til ákvæða um útsvör að því er varðar ábyrgð annars maka
á kirkjugarðsgjaldi, sem á hinn er lagt, og eigi er með öðrum
hætti mælt fyrir um samábyrgð hjóna á gjöldum þessum.
Kirkjugarðsgjald er að vísu ákveðið á árinu 1973 á grund-
velli sameiginlegra tekna áfrýjenda á árinu 1972, en það
haggar eigi því, að Aðalsteinn einn er gjaldþegn. Að svo
vöxnu máli var ekki rétt að gera lögtak í séreign Ingiríðar
til tryggingar gjalds þessa, er nemur samkvæmt reiknings-
gerð stefnda 27 + 2.171 krónu, eða alls 2.198 krónum, og
lækkar fjárhæð sú, sem tryggð er með lögtaksgerðinni, að
sama skapi.

4. Sóknargjald það, sem greinir í málinu, er sumpart eftir-
stöðvar af sóknargjaldi Aðalsteins frá árinu 1972 og sumpart
sóknargjald þeirra hjóna á árinu 1973. Nam gjald þetta sam-
kvæmt gögnum máls 400 krónum á hvorn áfrýjanda á árinu
1972, en 500 krónum á árinu 1973. Gjald þetta er lagt á sam-
kvæmt lögum nr. 36/1948, sbr. lög nr. 40/1964. Gjald þetta
er nefgjald, enda er ekki sýnilegt, að neytt hafi verið heim-
ildar 3. gr. laga nr. 36/1948 um að jafna því á sóknarmenn
sem hundraðshluta af útsvörum. Samkvæmt 4. gr. laga nr.
36/1948 skal „heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lög-
heimili eiga hjá honum“, sóknargjöld samkvæmt 1. gr. lag-

anna og niðurjafnað gjald samkv. 3. gr. þeirra, „en hann á endurkröfurétt á hendur heimilismanna sinna og má halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra“. Samkvæmt 6. gr. hefur sóknarnefnd á hendi innheimtu sóknargjalda, en hún getur falið oddvitum eða innheimtumönnum þinggjalda innheimtu þeirra. Sóknargjöld eru lögtakskræf samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

Samkvæmt ákvæðum þeim, sem nú hafa verið rakin, verður eigi talið, að áfrýjandinn Ingiríður beri að lögum ábyrgð á sóknargjaldi því, sem lagt var á bónda hennar. Hins vegar var rétt að gera lögtak í séreign hennar að því er varðar sóknargjald hennar á árinu 1973, 500 krónum. Fjárhæð sú, sem hin áfrýjaða lögtaksgerð á að tryggja, lækkar samkvæmt þessu um 500 krónur.

Með vísun til alls þessa ber að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð, þó svo, að fjárhæð sú, sem lögtakið á að tryggja, verður alls 356.443 krónur ($359.141 \div 2.198 \div 500$) auk vaxta og kostnaðar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er staðfest til tryggingar 356.443 krónum auk vaxta og kostnaðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Pórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómi meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel lögtak óheimilt í eignum áfrýjandans Ingiríðar Leifsdóttur til tryggingar ógreiddum eftirstöðvum þess tekjuskatts, sem lagður var á áfrýjandann Aðalstein Gíslason vegna tekna hans 1971.

Tekjur áfrýjenda 1971 voru skattlagðar í tvennu lagi eftir ósk þeirra, og var það byggt á 3. gr., 2. mgr., laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971 (sbr. breytingu í lögum nr.

7/1972, 1. gr.) og 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972. Fram er komið í málinu, að Ingiríður Leifsdóttir hefur greitt að fullu þau gjöld, sem á hana voru lögð, kr. 35.302.

Samkvæmt 3. gr., 1. mgr., laga nr. 68/1971 er það aðalregla laganna um tekjuskatt og eignarskatt, að tekjur hjóna, sem samvistum eru, skuli taldar saman til skattgjalds, og ábyrgjast hjónin þá bæði skattgreiðsluna. Í 2. mgr. lagagreinarrinnar (sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972) er þó heimilað, að „tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar“. Ekki er í þessari málsgrein minnst á gagnkvæma ábyrgð á skattgreiðslu. Þó var þörf á því, ef hin sérstæða ábyrgðarregla 1. málsgreinar átti einnig að gilda um sérsköttun. Verður þess vegna ekki talið heimilt að gera lögtak í eignum áfrýjandans Ingiríðar til tryggingar eftirstöðvum þess tekjuskatts, sem lagður var á áfrýjandann Aðalstein vegna tekna ársins 1971. Skatturinn var ákveðinn 1972 og hækkaður 1973. Nam hann eftir hækkinguna kr. 100.387, og er óumdeilt, að af því hafi verið greidd 96.7374%, eða kr. 97.112. Eftirstöðvar tekjuskattsins, sem lögtak var gert fyrir, án lagaheimildar að mínu áliti, námu þess vegna kr. 3.275.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 25. júní 1974.

Ár 1974, þriðjudaginn 25. júní, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Laugavegi 44 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Hafþóri Guðmundssyni með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Aðalsteini Gíslasyni, sama stað, fyrir:

Opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 0061-4874

1973 kr. 359.141.00

Samtals kr. 359.141.00

auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram beiðni um lögtakið ásamt gjaldseðlum, þingmerktum nr. 1—2, svohlj.:

Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur í dagblöðunum.

Af hálfu gerðarþola er mætt í réttinum að tilhlutan fógætans Kristín Friðbertsdóttir, sem hér starfar, og skoraði fógæti á mættu að greiða umkráfin gjöld, en hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógæti þá á mættu að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mættu að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Var þá skrifað upp:

Eignarhluti eiginkonu Ingiríðar Leifsdóttur í Álfheimum 13, efstu hæð ($\frac{1}{7}$ hl. efstu hæðar), í sameign með öðrum.

Fallið er frá virðingu.

Fógæti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindum eignarhluta eiginkonu gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum. Fleira ekki tekið fyrir.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Mánudaginn 29. nóvember 1976.

Nr. 224/1976. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurpáli Eiríki Garðarssyni.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Þórir Oddsson, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 25. s.